

## Verklagsreglur um greiðslur fyrir akstur í þágu vinnuveitanda

Hjá Akureyrarbæ er greitt fyrir akstur starfsmanna á einkabifreiðum í þágu vinnuveitanda samkvæmt skráningu í Vinnustund.

Samningur um afnot einkabíls þarf að liggja fyrir áður en til greiðslu kemur, sjá form Samningur um afnot einkabíls í starfsmannahandbók Akureyrarbæjar.

Óheimilt er að gera samninga um fastar greiðslur fyrir akstur.

Starfsmanni ber að skrá akstur í þágu vinnuveitanda í Vinnustund jafnóðum, sjá leiðbeiningar í starfsmannahandbók.

Yfirmaður yfirfer og samþykkir eða hafnar skráningu fyrir hvert aksturstillvik, fyrir uppgjörstímabil frá 13. hvers mánaðar til 12. næsta mánaðar, sjá Leiðbeiningar um skráningu aksturs í Vinnustund í starfsmannahandbók Akureyrarbæjar.

### **Ein til níu ferðir á mánuði:**

Ef um er að ræða samtals níu eða færri eknar ferðir á uppgjörtímabili úrborgunar er heimilt að greiða sem nemur tíu kílómetrum fyrir hverja ferð eða greiða fyrir ekna kílómetra samkvæmt skráningu í Vinnustund.

Ef greiddir eru tíu kílómetrar fyrir hverja ferð er greidd staðgreiðsla af öllum akstursgreiðslum uppgjörstímabilsins sem síðan er gerð grein fyrir við gerð skattframtals. Skráð er færsla í Vinnustund fyrir hverja ferð, dagsetning, tíu km, aksturserindi, tegund kílómetragjalds og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis.

### **Tíu ferðir eða fleiri á mánuði:**

Ef um er að ræða tíu ferðir eða fleiri á uppgjörstímabili útborgunar skal greiða fyrir allan akstur á tímabilinu samkvæmt skráningu í Vinnustund.

Ekki er greidd staðgreiðsla af akstri ef skráð er færsla í Vinnustund fyrir hverja ferð, dagsetning, samtals ekin vegalengd, aksturserindi, tegund kílómetragjalds og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis.

### **Ferðir sem eru styttri en þrjú km:**

Ef um styttri vegalengdir er að ræða er heimilt að skrá hverja ferð þrjú kílómetra óháð heildarfjölda ferða í mánuði.

Skrá ber í Vinnustund færslu fyrir hverja ferð, dagsetningu, þrjú km, aksturserindi, tegund kílómetragjalds og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis.

Ef sú aðferð er valin er greidd staðgreiðsla af öllum akstursgreiðslum sem síðan er gerð grein fyrir við gerð skattframtals.

**Lengri ferðir:**

Ef um er að ræða aðrar ferðir en til Reykjavíkur og innanbæjar og starfsmaður óskar eftir að fara á eigin bifreið, skal kanna kostnað við að taka bílaleigubíl í stað þess að nota eigin bifreið og velja ódýrari kostinn.

Starfsmanni er heimilt að velja frekar að fara á eigin bifreið en þá skal greitt fyrir akstur kílómetragjald skv. skráningu í Vinnustund, en þó að hámarki þann fjölda kílómetra sem er ígildi kostnaðar vegna notkunar á bílaleigubíl.

Ef starfsmaður velur að fara á eigin bifreið til Reykjavíkur í stað þess að fljúga skal greitt fyrir akstur kílómetragjald skv. skráningu í Vinnustund, en þó að hámarki þann fjölda kílómetra sem er ígildi kostnaðar fyrir flug til Reykjavíkur.